

ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938 né verður talin sérstakt brot á öðrum ákvæðum laganna. Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. sömu laga á Félagsdómur að dæma í málum, sem rísa út af kæru um brot á þeim lögum og tjóni, sem orðið hefur vegna ólögmatrar vinnustöðvunar, en telja verður, að þar sé átt við verkföll og verkbönn samkv. II. kafla oftnefndra laga. Fellur því ekki undir Félagsdóm, að skera úr framangreindu sakaratriði og ber af þeim sökum að vísa málinu frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 28. desember 1950.

Nr. 8/1950. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs og sjómannafélags Bolungavíkur**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Vinnuveitendasambands Vestfjarða vegna Einars Guðfinnssonar (Björgvin Sigurðsson hdl.).

Úrskurður um öflun gagna.

Úrskurður.

Mál þetta, sem höfðað var með stefnu, dags. 22. júní þ. á., var flutt munnlega hér fyrir dómi 20. þ. m. En áður en málið verður dæmt þykir rétt, sbr. 56. gr. laga nr. 80/1938, að leitað sé frekari gagna og upplýsinga um eftirfarandi atriði.

1. Spyrja skal skipstjóra og skipverja, hvort borið hafi á leka á vélbátnum Særúnu, ÍS 6, í desember 1949 og fyrir 24. janúar þ. á., og ef svo var, hversu mikið hafi að honum kveðið. Þá skulu þeir og inntir nákvæmlega eftir því, hvort og hve mikið hafi orðið vart við leka, er báturinn var fluttur til Ísa-

fjarðar hinn 25. eða 26. s. m., og jafnframt um það, hversu leka á bátnum hafi verið háttað, er farið var með hann til Bolungarvíkur 2. febrúar s. á, t. d. hvort þá hafi borið meira á leka en fyrir áfallið 24. janúar. Upplýst skal, hvort útgerðarmaður eða umboðsmaður hans voru með bátnum, þegar hann fór til Ísafjarðar til viðgerðar eða kom þaðan, og ef svo var ekki, hvernig og hvenær honum varð kunnugt um lekann. Skipstjórinn skal einnig um það spurður, hvort, og þá hvenær, hann hafi tjáð útgerðarmanni, að báturinn væri ekki sjófær, sbr. aðiljaskýrslu Guðfinns Einarssonar 27. júní s. l. Skal skipstjóri og sérstaklega inntur eftir því, hvort skipið hafi að hans áliti verið fært til róðra eftir viðgerðina á Ísafirði í lok janúarmánaðar.

2. Leita skal álits M. Bernharðssonar á Ísafirði um það, hvort gert hafi verið að fullu við þær skemmdir, sem urðu á bátnum 24. janúar s.l., með viðgerð þeirri, sem fram fór í Skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h/f, síðustu daga þess sama mánaðar. Jafnframt skal hann að því spurður, hvort frekari seymingar hafi þá verið þörf, til þess að báturinn yrði sjófær, og ef svo var, hvort það hafi stafað af eðlilegu sliti eða af sjóskaða. Þá skal og leitað umsagnar hans um ástand og viðhald bátsins yfirleitt.

3. Rétt er, að bátasmiðurinn Ove Andersen, sem seymdi v/b Særúnu í Bolungavík 6. til 11. febr. þ. á., sé um það spurður, í hverju seymingin var fólgin, t. d. hvort seymdur var byrðingur aðeins og þá hvar. Jafnframt skal leitað álits hans um það, af hverju saumslitið hafi stafað, þ. e., hvort það var af venjulegu sliti eða áfalli og hvernig ástand skipsins og viðhald hafi yfirleitt verið. Upplýst skal ennfremur, hvort hann hafi unnið einn að seymingunni.

4. Loks skal um það spurt, hvort útgerðarmaður Særúnar hafi gert kröfu til þess, að vélbátaábyrgðarfélag það, er báturinn var tryggður í, greiddi kostnað þann, er leiddi af viðgerðinni í Bolungavík 6.—11. febr. s. l.

Skýrslna þessara og annarra gagna, sem þær kunna að gefa tilefni til, skal aflað svo fljótt sem föng eru á.

Því úrskurðast:

Framangreindra upplýsinga skal aflað svo fljótt sem unnt er.

Fimmtudaginn 8. febrúar 1951.

Nr. 12/1949. **Einar Sigurðsson vegna Timburverksmiðju Austurlands** (Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Alpýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs og sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Verkfall dæmt ólöglegt. Skaðabætur dæmdar. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 14. júní 1949, af Einari Sigurðssyni vegna Timburverksmiðju Austurlands gegn Alpýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og Sjómannafélags Fáskrúðsfjarðar.

Munnlegur flutningur máls þessa fór fyrst fram 23. marz 1950. En með úrskurði 30. s. m. ákvað Félagsdómur að afla skyldi frekari gagna áður en málið yrði dæmt. Sú gagnasöfnun tók það langan tíma, að munnlegur málflutningur gat ekki farið fram fyrr en 25. janúar þ. á.

Tildrög máls þessa eru þau sem hér segir:

Hinn 28. marz 1949 sagði Verklýðs- og sjómannafélag Fáskrúðsfjarðar, hér eftir nefnt verklýðsfélagið, upp kjarasamningi þeim, er þá gildi milli þess og atvinnurekenda á Fáskrúðsfirði. Eru aðiljar máls þessa sammála um það, að sú uppsögn hafi verið gild, og að kjarasamningnum hafi verið sagt upp frá og með 1. maí það ár. Hinn 9. apríl s. á. komu saman til fundar, til þess að ræða um nýja samninga, samninganefnd verklýðsfélagsins og nokkrir vinnuveitendur. Á þessum fundi kveðast samninganefndarmenn verklýðsfélagsins hafa tilkynnt vinnuveitendum, að vinnustöðvun mundi hefjast hinn 1. maí, ef samningar hefðu ekki komið á fyrir